

**Nd.** **344. Nefndarálit** [158. mál]  
um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur nokkrar breytingartillögur við skattalögin á þingskjali 342. Meginefni breytingartillagnanna er sem hér segir:

1. Að draga verulega úr frádráttarheimildum fyrirtækja með því að
  - fella niður í áföngum heimildir fyrirtækja til þess að draga frá skatti 5% af matsverði vörubirgða,

- fella niður í áföngum heimild fyrirtækja til þess að afskrifa 10% útistandandi viðskiptaskulda í árslok. Haldið er inni heimild til þess að draga frá *sannanlega* tapaðar viðskiptaskuldir,
  - fella niður heimild til að draga frá skatti framlög í fjárfestingarsjóð,
  - draga úr fyrningarheimildum fyrirtækja. Eru fyrningarprósentur lækkaðar í samræmi við fyrri ákvæði skattalaga.
2. Gert er ráð fyrir því að framleiðslufyrirtæki fái heimild til að draga frá hagnaði fyrir skatt 5% annað hvert ár *vegna rannsóknar og þróunar- og markaðsstarfsemi*.
  3. Sett eru inn ný og afgerandi ákvæði um að komið verði í veg fyrir að *persónuleg eyðsla* forráðamanna fyrirtækja verði flutt á reikning fyrirtækjanna og að settar verði reglur um risnu á kostnað fyrirtækjanna.
  4. *Þriðjungslækkun skatta einstaklinga*. Samkvæmt tillögunum lækkar tekjuskattur einstaklinga um þriðjung þegar á næsta ári, en tekjuskattur fyrirtækja hækkar á móti.

Meginbreytingarnar á heildarsköttum einstaklinga eru sem hér segir:

Tekjuskattar einstaklinga lækka um 1189 milljónir króna og er skattabreytingin þessi:

1. Álagður tekjuskattur lækkar um 500 millj. kr.
  2. Afsláttur frá skatti hækkar um 214 millj. kr.
  3. Barnabætur hækkar um 476 millj. kr.
- Hér er um að ræða lækkun frá breytingartillögum ríkisstjórnarinnar sem meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur á sérstöku þingskjali.

Forsendur lækkunarinnar eru þessar:

1. Að barnabætur hækki frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar úr 12 625 í 15 500, og úr 18 910 í 23 200 og samsvarandi í barnabótaauka og hjá einstæðum foreldrum (till. á þskj. 324).
  2. Að persónuafsláttur verði 64 000 í stað 58 370 (till. á þskj. 328).
- Áhrifin á einstaka hópa skattgreiðenda yrðu sem hér segir:

#### Hjón.

1. Barnlaus hjón eru alls 20 540. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar greiða þau á næsta ári 1 462 millj. kr. í skatta, en skv. breytingartillögum minni hl. greiðir sami hópur 1 284 millj. kr., lækkun um 178 millj. kr. eða 12,2%.
2. Hjón með eitt barn greiða nú samtals 783 millj. kr., en skv. breytingartillögum undirritaðs greiða þau 610 millj. kr., lækka um 173 millj. kr. eða um 22,1%.
3. Hjón með tvö börn greiða alls 539 millj. kr. skv. tillögum ríkisstjórnarinnar, skv. tillögum undirritaðs hins vegar 268 millj. kr., lækkun um 270,7 millj. kr. eða um rúmlega helming.
4. Hjón með þrjú börn og fleiri greiða nú alls um 66,8 millj. kr. í skatta en fá greitt skv. tillögum um 178,6 millj. kr. (fjölskyldubætur, þ.e. barnabætur og persónuafsláttur). Breytingin þeim í vil er alls um 245,4 millj. kr.
5. Skattgreiðslur allra hjóna breytast þannig:

Tekjuskattur .....	2451.3	2286.9	-164.4
- Afsláttur .....	-308.2	-371.2	-63.0
- Barnabætur .....	-726.3	-923.6	-197.3
Sjúkratryggingagjald .....	199.7	199.7	0.0
	1616.6	1191.9	-426.6
Ríkið alls			

#### Einhleypingar og einstæðir foreldrar.

1. Einhleypir greiða skv. frumvarpi ríkisstjórnarinnar um 1110,9 millj. kr. í skatta á næsta ári. Skattalækkun þessa hóps skv. tillögum er um 207,6 millj. kr. eða um 18,6%.

- Einstæðir foreldrar með eitt barn á framfæri eru um 5000 talsins. Þeir greiða skv. tillögum ríkisstjórnarinnar um 115 millj. kr. í skatta. Frá dregst persónuafsláttur um 34 millj. kr. og barnabætur um 236 millj. kr., þannig að þessi hópur fær greitt alls um 149 millj. kr. í formi barnabóta og persónuafsláttar upp í útsvar. Samkvæmt meðfylgjandi tillögum greiða þessir einstæðu foreldrar í heild um 1100 millj. kr. í skatta, fá hins vegar um 41 millj. kr. í persónuafslátt en 297 millj. kr. í barnabætur. Greiðslur til þessa hóps nema því alls um 230 millj. kr. skv. meðfylgjandi tillögum eða um 80 millj. kr. hærri upphæð en í tillögum ríkisstjórnarinnar.
- Einstæðir foreldrar með tvö börn og fleiri eru alls liðlega 1800 talsins. Þessi hópur fær greitt í formi persónuafsláttar og barnabóta um 143 millj. kr. eftir álagningu sjúkratryggingagjalds og tekjuskatts. Skv. meðfylgjandi tillögum fær þessi hópur skattgreiðenda hins vegar um 200 millj. kr., þ.e. um 5 millj. kr. minna í skatta, um 48 millj. kr. meira í barnabætur og um 3,3 millj. kr. meira í afslátt.

**Einstæðir foreldrar alls:**

Tekjuskattur .....	169.2	151.6	-17.6
- Afsláttur .....	-46.5	-56.5	-10.0
- Barnabætur .....	-414.0	-520.2	-106.2
Sjúkratryggingagjald .....	8.6	8.6	0.0
Alls	-282.7	-416.6	-133.9

**Framteljendur alls.**

Álagning .....	6053.3	5553.6	-499.7
- Afsláttur .....	-909.8	-1123.8	-214.0
- Barnabætur .....	-1784.4	-2260.3	-475.9
Sjúkratryggingagjald .....	376.3	376.3	0.0
Alls	3735.4	2545.8	-1189.6

**Þriðjungslækkun skatta.**

Framteljendur eru alls um 175 þúsund talsins.

Skattar þeirra lækka sem hér segir:

Um meira en 5%: 10 100 eða um 5,8% skattgreiðenda.

Um 2–5% 23 500 eða alls um 13,4% skattgreiðenda.

Um 1–2% 48 700 eða um 27,8% skattgreiðenda.

Tekjuskattur, að frádregnum persónuafslætti og barnabótum, lækkar samkvæmt tillögnum um 35%, þ.e. liðlega einn þriðja.

Barnabætur hækka alls úr 1784 millj. kr. í 2260,3 millj. kr. eða um 476 millj. kr., þ.e. um 26,7%.

**Nánari skýring á einstökum liðum.**

*Fyrirtækin sleppa.*

Ekki er vafi á því að skattgreiðslur fyrirtækja ykjast verulega með samþykkt tillagnanna. Heildarskattar fyrirtækja nú nema samkvæmt fjárlagafrumvarpinu um einum milljarði króna. Sýnt hefur verið fram á að fá fyrirtæki greiða skatta og mörg sleppa afar auðveldlega.

Í þessum tillögum er ekki gerð tillaga um að breyta álagningarhlutföllum fyrirtækja þrátt fyrir fækkun frádráttarliða. Ástæðan er meðal annars sú að ríkisstjórnin hafði áður

lækkað skatthlutfall fyrirtækja úr 65% í 50% og má ætla að tekjutap ríkisins af þessum ástæðum einum nemi 1987 a.m.k. 300 millj. kr.

#### 1. Viðskiptaskuldir.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að fyrirtæki geti dregið frá tekjum um áramót 5% af útistandandi viðskiptaskuldum. Hér er gert ráð fyrir því að þessi heimild verði felld niður í áföngum og að þau geti að loknum aðlögunartíma aðeins dregið frá sannanlega tapaðar viðskiptaskuldir.

#### 2. Matsverð vörubirgða.

Í gildandi lögum er ákvæði þess efnis að fyrirtæki geti dregið frá tekjum við skattauppgjör 10% af matsverði vörubirgða sinna. Hér er gert ráð fyrir því að heimild þessi verði felld niður í áföngum.

#### 3. Fjárfestingarsjóður.

Hér er gert ráð fyrir því að heimild til þess að draga frá framlög í fjárfestingarsjóði falli niður.

#### 4. Rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Hér er gert ráð fyrir því að fyrirtæki hafi heimild til þess að draga frá hagnaði allt að 5% vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi enda sé sannanlega um slík verkefni að ræða. Er gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri setji reglur í þessu efni að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.

#### 5. Fyrningarhlutföll.

Hér er gert ráð fyrir því að breyta öllum fyrningarhlutföllum gildandi laga sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður breytist úr 10% í 8% á ári.
2. Loftför og fylgihlutir þeirra úr 10% í 8%.
3. Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar úr 15% í 12%.
4. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, skrifstofuáhöld og skrifstofutæki, svo og annað lausafé sem ekki fellur undir 1.–3. tölul. breytist úr 20% í 15%.
5. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir en um er rætt í 4. og 5. tölul. 32. gr. breytist úr 20% í 15%.

#### 6. Persónuleg eyðsla.

Í 52. gr. skattalaganna eru ákvæði um það sem alls ekki má telja sem rekstrarkostnað. Hér þykir ástæða til þess að bæta við tveimur nýjum töluliðum.

Par er í tölul. 4 gert ráð fyrir því að settar verði strangar reglur til að koma í veg fyrir að persónuleg eyðsla forráðamanna eða starfsmanna sé færð á kostnaðarliði fyrirtækjanna. Og í 5. tölul. er gert ráð fyrir því að á sama hátt verði settar reglur um risnu fyrirtækjanna. Í Finnlandi er heimild fyrirtækjanna í þessu efni að hámarki 2% og má hugsa sér svipaða reglu hér, en þó verður að hafa takmörkin önnur þegar um stórfyrirtæki er að ræða. Er hér gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri setji um þetta almennar reglur og má í því sambandi hafa hliðsjón af reglum sem gilda í grannlöndum okkar í þessum efnunum.

#### 7. Breytingar s.l. 3 ár.

Frá því að núverandi ríkisstjórn kom til valda hafa þessar breytingar átt sér stað:

1. Skattur á ferðamannagjaldeyri 75 millj. kr. 1983 — væri 213 á þessu ári eða samtals 852 millj. kr. á fjórum árum.

2. Skattprósenta af verslunar- og skrifstofuhúsnæði lækkuð úr 1,4 í 1,1%.
3. Eignarskattsprósenta fyrst lækkuð úr 1,2% í 0,95% en síðar var lagður á eignarskattsauki.
4. Tekjuskattur fyrirtækja lækkaður úr 65% í 51%, en hann var áður miðaður við hæsta jaðarskatt einstaklinga.
5. Heimilt að draga frá tekjum vegna fjárfestingar eða til að kaupa hlutabréf.
6. Dregið úr skattskyldu innlánsstofnana sem lækkaði skattgreiðslur banka til ríkissjóðs um ca. 500 millj. kr. á verðlagi ársins 1986 fyrir árin 1984–1986.
7. Tekjuskattslækkun 31. des. 1984 um 600 millj. kr. en á móti kom hækkun áfengis og tóbaks og ½ söluskattur sem gaf á móti 600 millj. kr.
8. Söluskattur sem hafði verið 23,5% frá árinu 1980 hækkaður í 24% í ársbyrjun 1985 og síðan aftur í 25% í tengslum við tekjuöflun til húsnæðismála en sú upphæð 700–800 millj. kr. fer nú öll í ríkissjóð.
9. Skattalækkun á bifreiðum s.l. vetur í tengslum við kjarasamningana.  
Undirritaður leggur til að skattafrumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hér er fjallað um.

Alþingi, 14. des. 1986.

Svavar Gestsson.